

Fundur haldinn í Héraðsnefnd Austur-Húnavetninga fimmtudaginn, 9. júní 2005, kl. 15:00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Mættir: Ágúst Þór Bragason, Björn Magnússon, Erlendur G. Eysteinnsson, Jóhann Guðmundsson, Jensína Lýðsdóttir, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Magnús B. Jónsson, Jón B. Bjarnason, Jóhanna G. Jónasdóttir, Rafn Sigurbjörnsson, Sigurður Jóhannesson, Tryggvi Jónsson, Valgarður Hilmarsson og Þórdís Hjálmarsdóttir.

Á fundinn mættu einnig framsögumenn vegna 1. og 2. liðar, þeir Bjarni Stefánsson, sýslumaður og Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri. Viku þeir af fundi að loknum þessum liðum.

Valgarður Hilmarsson, oddviti og framkvæmdastjóri Héraðsnefndar setti fundinn og stjórnaði honum. Tilnefndi hann Jónu Fanneyju Friðriksdóttur sem fundarritara og samþykkti fundurinn það.

Dagskrá:

- 1. Starfsemi sýslumannsembættisins.**
- 2. Starfsemi skólaskrifstofu.**
- 3. Ársreikningur héraðsnefndar og stofnana fyrir árið 2004.**
- 4. Rekstur héraðsnefndar frá 1. júlí 2005.**
- 5. Samgönguáætlun (safnvegir)**
- 6. Erindi USAH sem vísað var til sveitarstjórna.**
- 7. Kjör oddvita, varaoddvita og eins fulltrúa í héraðsráð auk þriggja varamanna.**
- 8. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

- 1. Starfsemi sýslumannsembættisins.**

Bjarni Stefánsson, sýslumaður fór yfir stöðu lögreglustjóraembætta um land allt og kynnti fundarmönnum helstu breytingar sem fram koma í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála sem skipuð var af dómismálaráðherra 4. nóvember 2003.

Megininntak þeirrar skýrslu er að lögreglustjórarnemannsembættum, sem í dag eru 26 víðs vegar um landið, verði fækkað í 5 til 7. Lagt er til að á Norðurlandi verði einungis eitt embætti væntanlega með aðsetur á Akureyri og er markmiðið með breytingum þessum meiri skilvirkni og betri nýting fjármuna.

Umræður urðu um málið og lýstu héraðsnefndarmenn almennt áhyggjum sínum af breytingum sem til umræðu eru og þeirri þjónustuskerðingu sem óhjákvæmilega myndi fylgja þeim. Rætt var m.a. að ef til þessara breytinga kæmi þýddi þetta væntanlega miklar breytingar fyrir sýslumannsembættið á Blönduósi s.s. lækkun fjárveitinga vegna löggæslu, fækkun annarra starfsmanna og verkefna þeim tengdum.
- 2. Starfsemi skólaskrifstofu.**

Guðjón Ólafsson fræðslustjóri kynnti markmið fræðsluskrifstofu og lagarammann að baki. Kynnti Guðjón starfsemi fræðsluskrifstofunnar, verkferla, hina ýmsu samstarfsaðila stofnunarinnar, endurmenntunarmál og þróunarstarf. Innan fræðsluskrifstofu starfar m.a. greiningar- og ráðgjafabjónusta sem skipuð er þremur sérfræðingum sem sinna hinum ýmsu erindum. Svaraði fræðslustjóri fyrirspurnum í lok erindisins.

3. Ársreikningur héraðsnefndar og stofnana fyrir árið 2004.

Valgarður Hilmarsson fór yfir ársreikninginn og skýrði hann fyrir fundarmönnum.

Samkvæmt samstæðureikningi námu framlög aðildarsveitarfélaganna í samstæðureikningi á árinu 2004 kr. 58.590.000,- og voru aðrar tekjur kr. 42.875.000,-. Gjöld samstæðu voru 106.367.000,- og fjármagnsliðir samstæðu kr. 3.429.000,-. Rekstrarniðurstaða er því neikvæð um 8.331.000,-.

Ársreikningnum var vísað til afgreiðslu og var hann samþykktur samhljóða.

4. Rekstur héraðsnefndar frá 1. júlí 2005.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir, fyrrv. framkvæmdastjóri héraðsnefndar, hefur formlega sagt upp störfum en Valgarður Hilmarsson var ráðinn í eitt ár í hennar stað, eða til 1. júlí 2005. Hefur Höfðahreppur einnig séð um bókhald Héraðsnefndar þennan tíma. Ljóst er að taka þarf afstöðu um með hvaða hætti rekstur verði frá og með 1. júlí nk.

Ágúst Þór benti á að einungis væri eitt ár eftir af kjörtímabilinu og því ekki tímabært að fara í miklar breytingar. Jón B. Bjarnason og Magnús B. Jónsson tóku undir orð hans. Björn Magnússon ítrekaði þá afstöðu sína að hann teldi að auglýsa ætti stöðu framkvæmdastjóra. Umræður urðu einnig um vistun bókhalds Héraðsnefndar.

Í lokin var tillaga um að auglýsa ætti stöðu framkvæmdastjóra borin undir atkvæði: Sjö voru á mótí og tveir meðfylgjandi. Tillaga um að halda rekstrarforminu óbreyttu til eins árs var einnig borin undir atkvæði og var hún samþykkt með 10 atkvæðum á mótí einu.

5. Samgönguáætlun (safnvegir).

Rafn Sigurbjörnsson, formaður samgöngumálanefndar fylgdi samgönguáætlun 2005 – 2007 úr hlaði. Í fjárhagsáætlun um safnvegi í Austur-Húnavatnssýslu fyrir árið 2005 eru áætlaðar kr. 5.850.000,- til nýrra framkvæmda og 5.396.000,- til viðhalds og þjónustu. Fyrir árið 2006 og árið 2007 eru 5.000.000,- áætlaðar í nýframkvæmdir og kr. 5.000.000,- í viðhald og þjónustu eða 10.000.000,- ár hvert. Áætlunin var borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Erindi USAH dags. 22. 04. 2005 sem vísað var til sveitarstjórna.

Á síðasta fundi héraðsnefndar, 2. maí sl., var lagt fram erindi USAH þar sem ungmennasambandið óskaði eftir rekstrarstyrk að upphæð kr. 2,4 mkr.

Hingað til hafa rekstrarstyrkir farið í gegnum sveitarfélög í sýslunni og var erindinu vísað til afgreiðslu í sveitarstjórnnum á fundinum 2. maí sl.

Umræður urðu um málið og voru fundarmenn sammála um mikilvægi starfsemi ungmennasambandsins og líta það afar jákvæðum augum.

Samþykkt að rekstrarstyrkir verði áfram afgreiddir af einstökum sveitarfélögum en í umræðum kom fram að æskilegt væri að USAH skilgreindi fjárbörf sambandsins og gerði tillögur um skiptingu hennar milli sveitarfélaga.

7. Kjör oddvita, varaoddvita og eins fulltrúa í héraðsráð auk þriggja varamanna.

Í uppstillinganefnd voru kjörin Ágúst Þór Bragason, Jensína Lýðsdóttir og Jón B. Bjarnason. Gert var fundarhlé.

Tillaga kom frá uppstillinganefnd um eftirtalda aðila í héraðsráð:

Aðalmenn: Valgarður Hilmarsson, oddviti, Jóhann Guðmundsson, varaoddviti og Magnús B. Jónsson, fulltrúi.

Varamenn: Adolf Berndsen, Ágúst Þór Bragason og Rafn Sigurbjörnsson.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál.

a. Stóriðjumál.

Fram lögð “áskorun um stuðning við iðjuver í Austur-Húnavatnssýslu” sem undirrituð er af fulltrúum allra sveitarfélaga.

Jóna Fanney kynnti fundarmönnum tilboð frá Gallup vegna viðhorfskönnunar í Austur-Húnavatnssýslu um stóriðjumál. Oddvita falið að leita eftir styrk frá iðnaðarráðuneytinu í

Lagt fram erindi Baldurs Valgeirssonar framkvæmdastjóra ráðgjafafyrirtækisins Framgöngu ehf. Erindi bréfsins er að kynna fyrirtækið og jafnframt að bjóða fram þjónustu við sveitarfélögin við að gera frumkönnun á möguleikum þess að koma á fót iðjuveri milli Skagastrandar og Blönduóss.

Magnús B. Jónsson kynnti að jákvætt svar hefur borist frá samgönguráðuneytinu um að farið verði í öldufarsrannsóknir við Eyjareyjarsvæðið í samstarfi við Siglingastofnun.

Miklar umræður urðu um þessi mál.

Eftirfarandi afgreiðslur voru samþykktar samhljóða:

Héraðsráði falið að leita samninga við fyrirtækið Framgöngu ehf. til að gera frumkönnun á möguleikum þess að koma á fót iðjuveri í Austur-Húnavatnssýslu. Jafnframt samþykkt að fá Gallup til að gera viðhorfskönnun í Austur-Húnavatnssýslu um stóriðjumál.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:40.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)